

# Hljóðvarnir við vegi



Rannsóknarverkefni unnið fyrir Vegagerðina, Reykjavíkurborg,  
Kópavogsbæ, Hafnarfjarðarbæ, Garðabæ og Mosfellsbæ

September 2006

## Efnisyfirlit

1. Inngangur .....	3
2. Nokkur orð um hljóðvarnir við vegi .....	3
3. Nýir hávaðavísar.....	4
4. Hljóðmælingar og líkanreikningar .....	5
5. Helstu niðurstöður.....	6
6. Lokaorð .....	13
7. Heimildir .....	14

## Viðaukar

- Viðauki A Yfirlitsmynd af mælistöðum. Hávaðakort og snið með niðurstöðum hljóðmælinga og líkanreikninga
- Viðauki B Ljósmyndir frá mælistöðum
- Viðauki C Hljóðtæknieiginleikar hljóðveggja
- Viðauki D Hljóðmælingar við Dalveg í Kópavogi

## 1. Inngangur

Hávaði í umhverfinu verður stöðugt stærra viðfangsefni. Með aukinni umferð og þéttingu byggðar er ljóst að hljóðvarna er þörf í ríkari mæli en tíðkast hefur við helstu umferðaræðar, eigi að tryggja fullnægjandi hljóðvist í nálægri íbúðabyggð. Tilskipun Evrópuþingsins og Ráðsins 2002/49/EB frá 25. júní 2002 um mat og stjórn á hávaða í umhverfinu ber þessari þróun glöggvitni. Viðfangsefnið að takmarka ónæði frá umferð er þó ekki nýtt af nálinni. Það er þekkt allar götur frá tímum Rómverja sem bönnuðu umferð hestvagna á nóttunni til þess að tryggja næturfríð.

Á síðari árum hefur í umræðum um skipulagsmál og breytingar á stofnæðum umferðar nokkuð borið á gagnrýni hagsmunaaðila sem dregið hafa í efa réttmæti samnorræns reiknilíkans, sem jafnan er beitt við útreikninga og kortlagningu á umferðarhávaða hér á landi.

Markmið þessa verkefnis er að ganga úr skugga um virkni hljóðvarna á höfuðborgarsvæðinu með hljóðmælingum og líkanreikningum. Skoðað er hversu vel hljóðmælingar falla að niðurstöðum reiknilíkans.

Verkefnið hlaut styrk af rannsóknarfé Vegagerðarinnar árið 2005. Að auki fengust styrkir frá Reykjavíkurborg, Kópavogsbæ, Hafnarfjarðarbæ, Garðabæ og Mosfellsbæ. Styrktaraðilum eru færðar sérstakar þakkir fyrir stuðninginn. Án hans hefði verkefnið ekki orðið að veruleika. Þá er sömuleiðis vert að þakka viðkomandi sveitarfélögum fyrir leyfi til birtingar á minnisblöðum og greinargerðum í þeirra eigu, sem að mati höfunda auka á upplýsingagildi skýrslunnar.

Þegar vinna við verkefnið hófst kom fljótlega í ljós að það var talsvert umfangsmeira og tímafrekara en fyrstu áætlanir gerðu ráð fyrir. Í samráði við Hrein Haraldsson framkvæmdastjóra þróunarsviðs Vegagerðarinnar var áherslum breytt frá því sem fram kemur í upphaflegri styrkumsókn. Höfuðáhersla er lögð á að veita yfirsýn yfir þær hljóðvarnir sem beitt hefur verið hér á landi (sjá myndir í viðauka B) og hvort skjóláhrif þeirra falli að niðurstöðum hljóðmælinga og líkanreikninga. Samanburði við útlönd er sleppt.

Rannsóknarverkefnið var unnið í samvinnu Línuhönnunar og Trivium ráðgjafar. Verkefnisstjóri var Ólafur Hjálmarsson verkfræðingur, en auk hans unnu að því Ólafur Danielsson verkfræðingur, Hjálmar Skarphéðinsson tæknifræðingur og Johann Achraimer verkfræðingur.

## 2. Nokkur orð um hljóðvarnir við vegi

Áður en gripið er til sérstakra hljóðvarna við vegi er mikilvægt strax á frumstigum skipulagsvinnu að kannað sé af alvöru hvort komast megi hjá hljóðvörnum; t.d. með breyttri legu vegar eða breyttri landnotkun næst vegi. Það er viðbúið að hljóðvarnir geti haft einhver neikvæð áhrif á næsta umhverfi sitt; takmarkað útsýni og dregið úr birtu. Hér togast gjarnan á sjónarmið þeirra sem velja útsýni fremur en hljóðvörn. Þær geta sömuleiðis haft neikvæð áhrif á umferðaröryggi ef ekki er rétt að útfærslu staðið. Þá er vert að hafa í huga að skjólsvæði hljóðvarna við vegi er gjarnan bundið við jarðhæð og neðstu hæðir nálægra íbúðarhúsa. Litlum vörnum verður við komið við háreistar byggingar sem standa þétt við umferðaræðar. Meðfylgjandi hávaðakort og snið í viðauka A sýna þetta glögg.

Þrátt fyrir framangreinda annmarka sýnir reynslan hér á landi og í nágranalöndum okkar að með hljóðvörnum við vegi má ná umtalsverðum árangri. Niðurstöður erlendra rannsókna sýna að í eldri hverfum næst jafnan bestur árangur, þegar samráð er haft við hagsmunaaðila um útfærslu hljóðvarna og þeir vel upplýstir um markmið þeirra og sömuleiðis tryggja að væntingar séu raunhæfar.

Hljóðvarnir við vegi tryggja ekki að ekkert heyrir frá bílaumferð. Þær geta hins vegar dregið verulega úr hávaðanum og breytt tíðnirófi hans. Ófullnægjandi og óþéttur frágangur getur þegar verst lætur gert annars góðar hljóðvarnir gagnslitlar. Með rétttri útfærslu varna dregur verulega úr hátíðniþætti hávaðans sem greinist dýpri og lágværari. Þessu til stuðnings er vísað til 5. kafla hér að aftan og meðfylgjandi minnisblaðs um hljóðtæknieiginleika hljóðveggja í viðauka C. Stefán Agnar Finnsson yfirverkfræðingur hjá Reykjavíkurborg veitti góðfúslega leyfi til birtingar minnisblaðsins í skýrslunni. Í heimild [ 7 ] er sömuleiðis fjallað um þetta efni.

Þar sem landrými er nægt og skipulag leyfir eru jarðvegsmanir hljóðtæknilega ágætur valkostur. Þyngd jarðvegs gerir það að verkum að full skermvirkni næst skjólmegin manar. Gljúpt og hallandi yfirborð dregur verulega úr hljóðendurkasti og beinir því til himins. Það veldur því sjaldnast nokkrum vandræðum hinu megin vegar. Þar sem hæðarmunur er mikill eða hárra varna er þörf, getur styrktur jarðvegur komið vel til álitu. Brattari mön hefur krónu nær vegi og skýlir því byggðinni betur við umferðarhávaðanum. Hún getur því verið lægri en hefðbundin mön til þess að ná sömu skjóláhrifum. Eigi að koma í veg fyrir skaðlegt hljóðendurkast frá styrktum jarðvegi verður að huga vel að deililausnum til þess að tryggja nægt hljóðisog í yfirborði.

Þegar hljóðveggir eiga í hlut verður að tryggja þéttleika þeirra og að þeir hafi næga þyngd til þess að tryggja skermvirkni svo sem lýst er í viðauka C. Jafnan er rétt að huga að áhrifum hljóðendurkasts frá hljóðvegg á hljóðstig hinu megin vegar með reiknilíkani (SoundPlan eða sambærilegu). Þau geta verið veruleg. Þetta á ekki síst við þegar háar hljóðvarnir eru beggja vegna vegar eins og skýrsluhöfundar hafa rekið sig á við hönnun hljóðvarna hér á landi. Við slíkar aðstæður þurfa hljóðveggir hvort tveggja í senn að hafa nægan massa, til þess að hávaði berist ekki í gegnum þá, og nægt hljóðisog í yfirborði til þess að varpa ekki hávaðanum yfir hljóðvarnir hinu megin vegar. Á útreiknuðum hávaðakortum og sniðum er þannig mikilvægt að greint sé skilmerkilega frá því hvaða hljóðtæknieiginleika hljóðvarnir þurfi að hafa til þess að ná því hljóðstigi sem kortin sýna. Einungis þannig verður rétt hönnun hljóðvarna tryggð.

### 3. Nýir hávaðavísar

Í nýrri reglugerð um kortlagningu hávaða og aðgerðaáætlanir nr. 1000/2005, sem byggir á fyrrgreindri Evróputilskipun 2002/49/EB er kveðið á um nýja hávaðavísa. Áfram er stuðst við A-vigtað hljóðstig sem líkir eftir næmi eyrans, en í stað jafngildishljóðstigs fyrir heilan sólarhring  $L_{eq}$  sem nú er vísað til, skal nota hávaðavísana  $L_{den}$  og  $L_{night}$  til þess að útbúa og endurskoða hávaðakort. Þetta er talsverð breyting frá því sem áður var, þar sem truflandi áhrifum hávaða á kvöldin og um nætur er veitt aukið vægi. Dags-kvölds-nætur hávaðavísirinn  $L_{den}$  (day-evening-night) er nýtt sólarhringsjafngildi þar sem bætt hefur verið 5 dB við kvöldhávaða og 10 dB við næturhávaða. Hér skiptast tímabilin þannig að dagur telst 12 klukkustundir frá 07:00 til 19:00, kvöld 4 klukkustundir frá 19:00 til 23:00 og nætur 8 klukkustundir frá 23:00 til 07:00, sem er í samræmi við þá skiptingu sem Evróputilskipunin leggur til. Aðildarríkjum er heimilt að víkja lítillega frá þessari skiptingu. Það var ekki gert hér á landi.

Aukið vægi kvöld- og næturhávaða í nýjum hávaðavísunum kallar á auknar og betri upplýsingar um sólarhringsdreifingu hávaða frá umferð. Breytilegt umferðarmynstur stofn- og tengibrauta annars vegar og húsagatna hins vegar er vert að hafa í huga. Í viðauka D eru til upplýsingar niðurstöður samfelldra hljóðmælinga á umferðarhávaða frá Dalvegi og Reykjanesbraut, vikuna 4. til 12. mars 2006. Steingrímur Hauksson deildarstjóri hönnunardeildar Kópavogsbæjar gaf góðfúslegt leyfi til birtingar þeirra. Skýrsluhöfundum er ekki kunnugt um að svo langar og samfelldar tímaraðir hávaða frá bílaumferð hafi verið mældar áður hér á landi. Niðurstöðurnar eru mjög áhugaverðar og í þeim

liggja heilmiklar upplýsingar sem vert væri að vinna frekar úr. Það er einkum tvennt sem vekur sérstaka athygli:

- a) Jafngildishljóðstig að næturlagi  $L_{\text{night}}$  þá viku sem mælt var, reynist liðlega 54 dB(A). Til þess að tryggja ótruflaðan nætursvefn við opinn glugga, eru útgefin viðmiðunarmörk Alþjóða hebrigðismálastofnunarinnar (WHO) að umrætt hljóðstig fari ekki yfir 45 dB(A) utan við húshlið [ 3 ]. Næturhávaðinn liggur þannig nálega 10 dB(A) yfir ráðlögðum mörkum WHO sem sýnir svo ekki verður um villst að við Íslendingar erum að glíma við hliðstæðan vanda og aðrar Evrópuþjóðir.
- b) Samkvæmt upplýsingum John Klinkby hjá SoundPlan hafa útreikningar á hávaða frá dæmigerðum vegi leitt í ljós, að nýr hávaðavísir  $L_{\text{den}}$  reynist gjarnan 4 til 5 dB(A) hærri en gamla sólarhringsjafngildið  $L_{\text{eq}}$ . Reiknað út frá hljóðmælingum við Dalveg í heila viku sjá viðauka D, reynist mismunur nefndra hávaðavísa talsvert minni eða um 2.6 dB(A). Þó erfitt sé að fullyrða nokkuð út frá mælingu á einum stað, virðist samræmi við niðurstöður norskra rannsókna betra. Þar sýnir greining SINTEF [ 6 ] á raunverulegri sólarhringsdreifingu umferðar á norskum vegum að mismunur á  $L_{\text{eq}}$  og  $L_{\text{den}}$  liggur á bilinu 2.5 til 3.5 dB(A). Mjög vert væri að kanna nánar hvort þessi sé einnig raunin hér á landi.

#### 4. Hljóðmælingar og líkanreikningar

Á yfirlitsmynd í viðauka A eru mælistaðir í verkefninu sýndir. Þeir voru ákveðnir í samráði við fulltrúa viðkomandi sveitarfélaga. Í Reykjavík eru fimm mælistaðir merktir R1 til R5, í Kópvogi eru þeir fjórir K1 til K4, í Hafnarfirði sömuleiðis fjórir merktir H1 til H4. Í Mosfellsbæ er þrjú mælistaðir M1 til M3 og að síðustu eru sjö mælistaðir í Garðabæ merktir G1 til G7. Á hverjum mælistað var hljóðstig mælt samtímis í 2.0 m og 4.0 m hæð yfir yfirborði.

Við talningu umferðar var bifreiðum skipt í tvo hópa þ.e. þungar og léttar bifreiðar. Samráð var haft við fulltrúa Reykjavíkurborgar og Vegagerðarinnar við skilgreiningu þessara tveggja flokka. Var niðurstaðan sú að bifreiðar sem höfðu aðskilið stjórnhús og vöruhús voru flokkaðar sem þungar en aðrar bifreiðar sem léttar.

Við hljóðmælingar var stuðst við Nordtest mæliaðferðina *NT ACOU 056 - Road traffic: Measurement of noise immision – survey method* (2002). Mæliaðferðin gerir kröfu um að vegyfirborð sé þurr og nágrenni vegar ekki frosið eða blautt, nema tilgangur mælingar sé að kanna hljóðstig við slíkar aðstæður. Í NT ACOU 056 eru leiðbeiningar um hvernig megi umreikna mælt jafngildishljóðstig á mælitíma, yfir í jafngildishljóðstig sem tekur mið af *ÁDU* (ársdagsumferð).

Tækjakostur við mælingar var sem hér segir:

- Nor-121, 2ja rása hljóðmælir frá Norsonic.
- 2 stk. ½” hljóðnemi, Norsonic 1225.
- 2 stk. ½” hljóðnemaformagnari, Norsonic 1201/SLM, ásamt búnaði til að festa hljóðnemaformagnarann á þrífót, Norsonic 1282.
- 2 stk. þrífætur fyrir hljóðnema.
- Kvarði (e. calibrator), Norsonic 1251.
- Snúrur og hugbúnaður til útreikninga á mæliniðurstöðum.
- Hraðabyssa.
- Teljarar.

Umferð léttra og þungra ökutækja á mælitíma var skráð og meðalumferðarhraði mældur með hraðabyssu. Veðurfar og ástand vegyfirborðs á mælitíma var sömuleiðis skráð. Þess var gætt að hægur vindur stæði frá vegi í átt að mælistað eins og Nordtest mæliaðferðin gerir ráð fyrir.

Þegar í svo umfangsmiklar hljóðmælingar er ráðist, verður ekki hjá því komist að bíða þurfi eftir réttu veðri til mælinga. Samnorræna reiknilíkanið gerir ráð fyrir þurru vegyfirborði og hægum vindi frá vegi í átt að mælistað. Til þess að hraða hljóðmælingum og um leið kanna hver áhrif bleytu á vegyfirborði væru á mælt hljóðstig frá umferð, var afráðið í sjö tilvikum að mæla með blautu vegyfirborði.

Þar sem unnt var að fá aðgang að landlíkani á tölvutæku formi var hljóðstig frá umferð á mælistað kortlagt með SoundPlan hugbúnaðinum. Leitast var við að allar forsendur í mælingu og reiknilíkani væru þær sömu, þannig að útreiknað og mælt hljóðstig væri samanburðarhæft. **Þetta er mikilvægt að hafa í huga þegar niðurstöður hljóðmælinga og útreikninga eru skoðaðar. Mælt og útreiknað hljóðstig er þannig jafngildishljóðstig á mælitíma en ekki sólarhringsjafngildi.** Hávaðakort og snið í viðauka A sýna niðurstöður þessarar vinnu. Í viðauka B eru ljósmyndir frá mælistöðum. Mynd segir meira en mörg orð og því látið ógert að fjölyrða frekar um aðstæður á hverjum mælistað. Vakin er athygli á því að mælistöðum í viðauka B og C er raðað frá suðri til norðurs þannig mælistaðir í Hafnarfirði koma fyrstir og síðast mælistaðir í Mosfellsbæ.

Gera verður þann fyrirvara á niðurstöðum líkanreikninga að stuðst var við fyrirliggjandi landlíkan sem í einhverjum tilvikum kann að vera ónákvæmni í. Slíkt getur haft áhrif á útreiknað hljóðstig eins og gefur að skilja. Í samráði við viðkomandi sveitarfélög hafa skýrsluhöfundar það til skoðunar að ganga úr skugga um réttmæti landlíkans þar sem frávik mæligilda frá reiknilíkani reyndust hvað mest. Sú vinna er hins vegar utan þessa verkefnis.

## 5. Helstu niðurstöður


Helstu niðurstöður verkefnisins eru dregnar saman í töflu 5.1. Það sem fyrst vekur athygli er að mældur meðalumferðarhraði fellur í öllum tilvikum vel að skiltuðum hraða. Varast ber að draga of almennar ályktanir af því vegna stutts mælitíma á hverjum stað. Allar mælingar fóru fram að degi til og því ekki hægt að segja til um hraða kvöld- eða næturumferðar út frá þessum mælingum. Þá er sömuleiðis eftirtektarvert hversu breytilegt hlutfall þungaumferðar reynist; minnst um 1.2% og hæst um 17% af heildarumferð. Á mælistað K1 við Vatnsendaveg reyndist hlutfall þungaumferðar liðlega 16% sem á sér þá skýringu að þar er íbúðahverfi í uppbyggingu. Ekki er alveg ljóst hvort sú sé skýringin á Reykjanesbraut við Ásbraut í Hafnarfirði (mælistað H4) þar sem hlutfall þungaumferðar reyndist hæst. Þann almenna fyrirvara verður að gera hér að mælitími var einungis um 20 mín. á hverjum mælistað. Þekkt er að hlutfall þungaumferðar getur sveiflast talsvert eftir tíma sólarhrings.

Það hefur orðið tilefni ágreinings hér á landi, þegar hljóðmælingar sýna annað hljóðstig en samnorrænt reiknilíkan gefur. Af þessum sökum þykir rétt að vitna til eftirfarandi umsagnar um nákvæmni samnorræna reiknilíkansins, áður en fjallað verður um frávik einstakra mæligilda frá reiknilíkani í verkefninu:


*“Beregningsmodellen sigter mod at give den middelværdi, som kan opnås ved at lave et stort antal målinger i svag vind fra lydkilden til modtageren. Nogle få udførlige, veldokumenterede verificeringer er udført. En af de bedste, som blev udført allerede i 1979, vises i figur 4.1. De beregnede værdier er næsten de samme som måleresultaternes middelværdi. Dette peger på en meget lille usikkerhed. Samtidigt viser måleresultaterne signifikante variationer fra dag til dag. Standardafvigelsen ved svag medvind varierer fra omkring 3 dB ved 50 m til 5 dB ved 200 m (afstand)” (Heimild [1], bls. 99)*

Mælistaður	Aðal hljóðuppspretta		Skiltaður	Mældur	Fjöldi	Hlutfall	Mælt hljóðstig		Útreiknað hljóðstig		Frávik	
			hraði km/klst.	hraði km/klst.	Ökutækja á mælitíma	þungra ökutækja	2 m hæð dB(A)	4 m hæð dB(A)	2 m hæð dB(A)	4 m hæð dB(A)	2 m hæð dB(A)	4 m hæð dB(A)
<b>Reykjavík</b>												
R1	Miklabraut	(Stakkarhlíð)	60	43	946	4.7%	63.2	71.2	63.2	67.2	0.0	4.0
R2	Reykjanesbraut	(Jöldugróf)	70	78	1345	6.4%	66.3	76.7	71.0	77.4	-4.7	-0.7
R3	Sæbraut	(Kleppsvegur)	60	53	616	8.0%	64.9	71.2	64.8	69.5	0.1	1.7
R4	Hringbraut	(Eskihlíð)	60	53	934	3.0%	64.1	74.2	64.4	70.1	-0.3	4.1
R5		Ártúnsbrekka					68.3	72.5				
<b>Kópavogur</b>												
K1	Vatnsendavegur	Vatnsendavegur	50	41	160	16.3%	55.0	63.9	54.8	62.7	0.2	1.2
K2a	Smiðjuvegur	Smiðjuvegur	50	41	397	5.8%	67.9	73.7	67.3	70.3	0.6	3.4
K2b	Smiðjuvegur	Smiðjuvegur	50	41	309	4.5%	67.1	72.7	65.9	68.9	1.2	3.8
K2c	Smiðjuvegur	Smiðjuvegur	50	41	365	4.1%	67.5	73.0	66.5	69.5	1.0	3.5
K3	Reykjanesbraut/Dalvegur	Dalvegur	70/50	77/45	866/269	8%/4%	62.2	68.2	60.9	66.9	1.3	1.3
K4		Nýbýlavegur					61.9	70.8				
<b>Hafnarfjörður</b>												
H1	Reykjanesbraut	(Kaplakriki)	60	52	450	10.9%	55.4	63.0	58.6	64.7	-3.2	-1.7
H2	Reykjanesbraut	(Sólvangur)	60	60	1054	6.5%	64.6	77.2	62.2	75.8	2.4	1.4
H3	Ásbraut í Hafnarfirði	(Vallahverfi)	50	45	130	6.2%	62.8	68.6	61.7	64.2	1.1	4.4
H4	Reykjanesbraut/Ásbraut	(Blikaás)	80/50	75/51	409/94	17%/3%	59.6	64.0	63.1	65.8	-3.5	-1.8
<b>Mosfellsbær</b>												
M1	Baugshlíð	(Fálkahöfði)	50	46	112	3.6%	49.5	55.1	51.4	55.4	-1.9	-0.3
M2	Baugshlíð	(Klapparhlíð)	50	54	136	4.4%	55.4	58.3	53.1	56.6	2.3	1.7
M3		Hringvegur					57.9	65.1				
<b>Garðabær</b>												
G1	Reykjanesbraut	(Bæjargil) Við vegg	70	71	336	1.2%	67.1	75.7	64.1	73.0	3.0	2.7
G2	Reykjanesbraut	(Bæjargil) Á efri stíg	70	69	422	1.4%	58.1	61.4	56.3	60.2	1.8	1.2
G3	Reykjanesbraut	(Bæjargil) Á neðri stíg	70	69	488	1.6%	56.9	57.8	53.1	55.1	3.8	2.7
G4	Reykjanesbraut	(Bæjargil) Austan við veg	70	66	559	2.1%	75.4	76.6	72.1	73.2	3.3	3.4
G5	Hafnarfjarðarvegur	Silfurtún					67.3	73.3				
G6	Hafnarfjarðarvegur	Löngufit					68.9	76.2				
G7	Hafnarfjarðarvegur/Reykjanesbraut	Í miðjum bænum					48.2	46.7				

**Tafla 5.1** Hljóðvarnir við vegi. Helstu niðurstöður mælinga og líkanreikninga.



**Mynd 5.1** Samræmi hljóðmælinga í 2.0 m hæð og samnorræns reiknilíkans. Númer mælistaðar stendur við mælt hljóðstig. Blár litur táknar mælingu með blautu vegyfirborði og sá græni táknar þurrt vegyfirborð. Einstök frávik frá reiknilíkani má sjá sem fjarlægð mælipunkta frá heildregnu línunni.



**Mynd 5.2** Samræmi hljóðmælinga í 4.0 m hæð og samnorræns reiknilíkans. Númer mælistaðar stendur við mælt hljóðstig. Blár litur táknar mælingu með blautu vegyfirborði og sá græni táknar þurrt vegyfirborð. Einstök frávik frá reiknilíkani má sjá sem fjarlægð mælipunkta frá heildregnu línunni.



Þegar á heildina er litið staðfesta þær hljóðmælingar sem hér eru til umræðu framangeind ummæli. Dreifing mæligilda og frávik frá samnorrænu reiknilíkani eru sýnd á myndum 5.1 og 5.2.

Í þeim 19 tilvikum sem hægt er að bera saman mæligildi við útreiknað hljóðstig, reynist meðalfrávik mælingar frá líkangildi í 2.0 m hæð +0.4 dB(A), en í 4.0 m hæð er meðalfrávik með meira eða um +1.9 dB(A). Nagladekk og bleyta á vegyfirborði kunna að vera skýring á þessum mun, svo sem síðar verður vikið að.

Þegar litið er til 12 mælinga með þurru vegyfirborði reynast hljóðmælingar gefa að jafnaði -0.5 dB(A) lægra gildi en líkanreikningar í 2.0 m hæð en í 4.0 m hæð gefa þær +1.4 dB(A) hærra en reiknilíkan. Vakin er athygli á þeim rithætti að gefi hljóðmæling hærra gildi en reiknilíkan er mismunur jákvæður en neikvæður ef frávik er í hina áttina þ.e. reikngildi hærra en hljóðmæling.


Mælt hljóðstig 7 mælinga með blautu vegyfirborði reynist að jafnaði +2.0 dB(A) yfir líkangildi í 2.0 m hæð og +2.8 dB(A) hærra í 4.0 m hæð yfir landi. Með fyrirvara um hversu fáar mælingar liggja að baki virðist samkvæmt þessu blautt vegyfirborð geta aukið hávaða frá umferð um nálega 1.5 til 2.5 dB(A). Reiknilíkan gerir ráð fyrir þurru yfirborði eins og áður segir.

Til þess að gefa hugmynd um áhrif bleytu á jafngildishávaða frá umferð er hér reynt að meta þau mjög gróflega. Nokkurra ára gömul úttekt Línuhönnunar leiddi í ljós, þau tvö ár sem lágu til grundvallar, að yfir sumarmánuði (maí til september) reyndist vegyfirborð blautt 15% tímans. Ekki er vitað til sambærilegrar úttektar á vetrarmánuðum. Gróflega áætlað gæti vegyfirborð verið blautt 15 til 25% tímans að vetrarlagi. Á ársgrundvelli er þá vegyfirborð blautt 15% til 20% tímans. Með fyrrgreindum fyrirvara, getur bleyta aukið ársjafngildi hávaða frá umferð um 0.3 til 0.8 dB(A) næst vegi. Fjær vegi er óvarlegt að segja nokkuð um þessi áhrif.

Nagladekk eru annar áhrifavaldur á hávaða frá umferð sem reiknilíkan tekur ekki tillit til. Samanburður vetrar- og sumarmælinga við Reykjanesbraut í Garðabæ gefur tilefni til að ætla að næst vegi geti naglar hækkað hljóðstig um 0.5 til 1.5 dB(A). Fjær vegi virðast áhrif naglanna deyja út. Til eru nýlegar mælingar hér á landi, sem sýna lægra hljóðstig frá umferð með nöglum en án þeirra [ 8 ]. Líkleg skýring kann að vera sú að naglar auka hátíðniþátt hávaðans sem deyr hraðar út með aukinni fjarlægð frá vegi en lágtíðniþátturinn. Almennt mýkri og grófmynstraðri vetrarhjólbardar en sumarhjólbardar draga úr dekkjáhávaða frá umferð. Að öllu samanlögðu getur verið erfitt að fullyrða um áhrif nagla á hljóðstig frá umferð. Þar sem nagladekk eru leyfð nálega helming ársins geta þau hækkað ársjafngildi hávaða næst vegi um 0.3 til 0.8 dB(A). Fjær vegi er erfiðara að fullyrða nokkuð um áhrif nagladekkja á hljóðstig frá umferð.

Hér hefur verið gefin gróf mynd af mögulegum áhrifum tveggja umhverfisþátta, þ.e. bleytu á vegyfirborði og nagladekkja á hljóðstig frá umferð. Hagsmunaaðilar hafa gjarnan gagnrýnt að áhrif þeirra séu ekki metin í samnorrænu reiknilíkani fyrir umferðarhávaða og notað þá staðreynd til þess að draga réttmæti líkansins í efa. Með fyrirvara um takmarkaðan fjölda mælinga sem hér liggur að baki, virðast þeir hafa áhrif til hækkunar jafngildishljóðstigs næst vegi um 0.3 til 0.8 dB(A) hvor og kunna að vera skýringin á því að meðalfrávik mæligilda frá reiknilíkani reynist heldur meira í 4.0 m hæð en í 2.0 m hæð þar sem hljóðvarnir draga úr áhrifum þeirra. Umrædd áhrif eru þó minni en maður gæti haldið í fyrstu. Ríkjandi vindátt gæti hæglega haft meiri áhrif á umferðarhávaða en fyrrgreindir umhverfisþættir.

Eins og fram kemur í töflu 5.1 liggja frávik einstakra mæligilda frá reiknilíkani á bilinu -4.7 til +4.4 dB(A). Hljóðmælingar Rb við Reykjanesbraut í Garðabæ frá árinu 2004 gáfu frávik á bilinu -2.0 til +5.0 dB(A). Það er því alveg ljóst að búast má við talsverðum frávikum einstakra mælinga frá líkangildum. Hljóðmælingar geta því þurft að standa yfir í nokkurn tíma til þess að fá áreiðanlega niðurstöðu. Sömuleiðis verður að mæla á allnokkrum stöðum til þess að fá skýra mynd af staðbundinni dreifingu hljóðorkunnar.



**Mynd 5.4** Mælt tíðniróf umferðarhávaða í 2 m (rauð lína) og 4 m hæð (svört lína) á mælistað R2 við Jöldugróf í Reykjavík.

Án þess að fjallað verði um öll einstök frávik verða nokkur þeirra talin til þess að gefa innsýn í þann breytileika sem við er að glíma. Á mælistað R1 við Miklubraut gefur mæling í 2.0 m hæð í skjóli bak hljóðmanar sama hljóðstig og reiknilíkan. Í 4.0 m hæð ofan hljóðvarnar reynist mældur hávaði +4.0 dB(A) yfir útreiknuðu gildi. Engar augljósar skýringar eru fyrir þessum mun. Á mælistað R2 við Reykjanesbraut snýst dæmið við. Þar mælist hávaði í 2.0 m hæð bak hljóðvarnar -4.7 dB(A) lægri en líkangildi en í 4.0 m hæð ofan við hljóðvörn er frávikid einungis -0.7 dB(A).

Við Miklubraut á mælistað R4 gefur hljóðmæling í skjóli hljóðmanar +0.5 dB(A) hærra gildi en reiknilíkan. Í 4.0 m hæð gefur mæling hins vegar +4.1 dB(A) hærra hljóðstig. Hér kunna stoðveggir norðan götu sem ekki eru í reiknilíkani að hafa áhrif. Eins og fyrr er frá greint getur hljóðendurkast frá hörðum flötum hinu megin vegar dregið stórlega úr virkni hljóðvarna. Það er því mikilvægt að áhrif þeirra séu reiknuð. Í þessu sambandi er vert að vekja athygli á því hversu miklu getur munað á hljóðstigi í 2.0 og 4.0 m hæð yfir yfirborði. Í þessu tilviki og reyndar fleirum mældist hljóðstig í 4.0 m liðlega 10 dB(A) hærra en í 2.0 m hæð. Í næsta nágrenni vega og hljóðvarna getur þannig talsverðu munað á hávaðakortum sem teiknuð eru 2.0 og 4.0 m hæð. Hér geta aðstæður í landi og eiginleikar jarðyfirborðs sömuleiðis haft umtalsverð áhrif.

Við Vatnsendaveg í Kópavogi, mælistað K1, reynist samræmi á milli hljóðmælinga og líkanreikninga ágætt. Í 2.0 m hæð á bak við jarðvegsmön mælist hávaði +0.2 dB(A) yfir líkangildi. Í 4.0 m hæð er munurinn +1.2 dB(A). Á mælistað K2 við Smiðjuveg var mælt þrisvar sinnum á sama stað (mælingar K2a, K2b og K2c) án þess að breyta stöðu hljóðnema, til þess að varpa ljósi á áhrif tímaþáttarins á mælt og útreiknað hljóðstig. Umferð á mælitíma er breytileg eins og fram kemur í töflu 5.1. Niðurstaðan er sú að hljóðmælingar í 2.0 m hæð liggja á bilinu 67.1 til 67.9 dB(A) og í 4.0 m hæð 72.7 til 73.7 dB(A). Frávik mælinga frá reiknilíkani reynist +0.6 til +1.2 dB(A) í 2.0 m hæð og á bilinu +3.4 til +3.8 dB(A) í 4.0 m hæð.


Mælistaður K3 við Dalveg er gott dæmi, þar sem hljóðmælingar og líkanreikningar staðfesta áhrif hljóðvarna í mælipunkti. Mismunur á hljóðstigi í 2.0 og 4.0 m hæð mælist og reiknast 6 dB(A) en þegar hljóðstigsgildi eru borin saman, reynast mæld gildi í báðum tilvikum liggja +1.3 dB(A) yfir útreiknuðum gildum.

Á mælistað K4 við Nýbýlaveg á móts við hljóðvegg við Stórahjalla staðfesta mælingar varnaráhrif veggjarins. Hljóðstig í 2.0 m hæð bak veggjar mælist 61.9 dB(A) á mælitíma á meðan mæling í 4.0 m hæð gaf 70.8 dB(A). Munurinn er nálega 9 dB(A).

Í Hafnarfirði og Mosfellsbæ sveiflast frávik í báðar áttir, hliðstætt við það sem að framan greinir. Það er því ekki hægt að segja að frávik séu kerfisbundin eða gefi tilefni til þess að draga réttmæti reiknilíkans í efa. Hér tala hávaðakort og myndir í viðauka sínu máli. Mælistaður H2 sýnir glögg að verulegum árangri má ná með vönduðum hljóðvörnum. Það staðfesta bæði hljóðmælingar og útreikningar. Hér mælist mismunur á hljóðstigi í 2.0 m hæð yfir landi bak hljóðveggjar, heilum 12.6 dB(A) neðan við hljóðstig í 4.0 m hæð. Samkvæmt reiknilíkani eru skjóláhrifin 13.6 dB(A) mælt í mismun á hljóðstigi í 2.0 og 4.0 m hæð.


Á mælistað M3 við Hringveg í Mosfellsbæ lék forvitni á að kanna áhrif brattrar grasmanar. Mælt hljóðstig í 2.0 m hæð bak manar reyndist 57.9 dB(A) á meðan hljóðstig í 4.0 m hæð var 65.1 dB(A). Samanlögð skjóláhrif reyndust því liðlega 7 dB(A).

Mælistaðir G1 til G4 við Reykjanesbraut í Garðabæ eru í raun allir í sama vegsniðinu, mislangt frá vegmiðju í báðar áttir. Vegyfirborð var blautt í öllum tilvikum og nagladekk í notkun þar sem mælingin fór fram þann 19. mars sl. Það rennir stóðum undir það sem að framan er sagt um áhrif bleytu og nagladekkja á hljóðstig frá umferð að öll mæligildi liggja ofan reiknilíkans, á bilinu +1.2 til +3.8 dB(A). Til upprifjunar var talað um að bleyta á yfirborði gæti hækkað hljóðstig um 1.5 til 2.5 dB(A) og nagladekk um 0.5 til 1.5 dB(A). Samanlagt geta naglar og bleyta hækkað hljóðstig næst vegi um 2 til 4 dB(A) sem fellur vel að niðurstöðum mælinga.



**Mynd 5.3** Mælt tíðniróf umferðarhávaða í 2 m (rauð lína) og 4 m hæð (svört lína) á mælistað H2 við Sólvang í Hafnarfirði.

Við Hafnarfjarðarveg, þ.e. mælistaði G5 og G6, var tiltækt landlíkan ekki á réttu formi fyrir SoundPlan hugbúnaðinn þannig ekki reyndist unnt að bera reiknigildi saman við mælingar. Mælt í mismun á hljóðstigi í 4.0 og 2.0 m hæð er lág jarðvegsmön við Silfurtún (mælistaður G5) að veita nokkuð skjól þar sem hávaði lækkar úr 73.3 niður í 67.3 dB(A) eða um 6.0 dB(A). Hljóðveggur við Löngufit (mælistaður G6) er sömuleiðis að skila lækkuðu hljóðstigi, sem mælist 76.2 dB(A) í 4.0 m hæð og 68.9 dB(A) í 2.0 m hæð. Hér er mismunurinn 7.3 dB(A).



**Mynd 5.5** Mælt tíðniróf umferðarhávaða í 2 m (rauð lína) og 4 m hæð (svört lína) á mælistað G7 í miðjum Garðabæ.

Mælistaður G7 er á túni á móts við Brekkubyggð 46 í Garðabæ. Þar háttar svo til að hávaði heyrst greinilega sem þungur niður bæði frá Hafnarfjarðarvegi og Reykjanesbraut. Þar sem mælistaðurinn er nokkurn veginn miðja veginn milli nefndra stofnbrauta lék forvitni á að vita hvert hljóðstigið væri. Eins og fram kemur í töflu 5.1 reynist það 48.2 dB(A) í 2.0 m hæð og 49.8 dB(A) í 4.0 m hæð. Það ber að hafa í huga hér er um jafngildishljóðstig á mælitíma að ræða.

Áður en sagt er skilið við helstu niðurstöður verkefnisins er sérstök athygli vakin á myndum 5.3 – 5.5 hér að framan. Fyrri myndirnar tvær, frá mælistöðum R2 og H2, sýna hvernig hljóðvarnir draga úr hátíðniþætti hávaðans svo sem áður er lýst. Af niðurstöðum mælinga er ljóst að frágangur viðkomandi hljóðvarna er vandaður; svo mikil hljóðstigsþækkun hefði ekki náðst með óþéttum frágangi. Þessar mælingar staðfesta enn fremur réttmæti þeirra útreikninga sem getið er í viðauka C. Þá sýnir mynd 5.5 mælt tíðniróf hávaða á mælistað G7 í miðjum Garðabæ. Á myndinni má sjá að aukin fjarlægð frá vegi hefur hliðstæð áhrif á tíðniróf umferðarhávaða eins og hljóðvarnir næst vegi, þ.e.a.s. lágtíðniþáttur hávaðans verður áberandi meðan dregið hefur verulega úr styrk hátíðniþáttarins.

## 6. Lokaorð

